

AUGLÝSING

um endurskoðun á deiliskipulagi í Arnarneslandi (Akrhverfi) í Garðabæ.

Bæjarstjórn Garðabæjar hefur samþykkt endurskoðun á deiliskipulagi í Arnarneslandi, nú kallað Akrar, í Garðabæ.

Svæðið afmarkast af Hafnarfjarðarvegi til vesturs, Arnarnesvegi til norðurs, Bæjarbraut til austurs og Arnarneslæk og Fjölbrautaskóla Garðabæjar til suðurs.

Í breytingunum felst m.a. að á óráðstöfuðu svæði er gert ráð fyrir fjölbýlishúsi og að þjónustu- og íbúðalóð verði lóð fyrir fjölbýlishús. Rað- og keðjuhúsalóðum fækkar, parhús eru felld niður, íbúðum í fjölbýlishúsum fjölga. Fjöldi einbýlishúsalóða er óbreyttur. Skilmálar hafa verið aðlagðir að breyttum aðstæðum. Jafnframt eru gerðar breytingar á megin-aðkomu í hverfið sem verður frá fimm arma hringtorgi við Arnarnesveg í stað Bæjarbrautar áður.

Við ofangreinda endurskoðun hafa verið unnir nýir uppdrættir og ný útgáfa skipulags-skilmála. Eldri skipulagsgögn falla úr gildi.

Við fullnaðarfrágang skipulagsgagna voru eftirfarandi lagfæringar gerðar; hringtorg á mótum Arnarnesvegjar og Bæjarbrautar var stækkað, í fjölbýlishúsum var staðsetningu bílastæða sem liggja að götu breytt þannig að gangstétt er höfð á milli bílastæða og götu, fjölbýlishúsalóð við Maltakur var skipt upp þannig að í stað eins húss og einnar lóðar koma þrjú hús og þrjár lóðir en fjöldi íbúða er óbreyttur svo og hæðir húsa, við Árakur var gerð heildarlóð fyrir hverja raðhúsallengju í stað skiptra lóða, aðkoma að leikskólalóð verður frá Línakri, heimild byggingarfulltrúa til að hækka gólfkóta verður 15 cm í stað 20 cm.

Deiliskipulagið hefur fengið meðferð í samræmi við 25. gr. laga nr. 73/1997 með síðari breytingum.

Skipulagið öðlast gildi við birtingu þessarar auglýsingar.

F.h. Garðabæjar, 9. janúar 2004.

Bergljót S. Einarsdóttir skipulagsfulltrúi.